

75. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrarar 11. júní 2019

Mætt eru: Berglind Ósk Óðinsdóttir, Ómar Valur Steindórsson og undirritaður.

1. Skemmtiferðaskipin

Eru „sívinsælt“ umræðuefni íbúa og fjölmíðlar einnig forvitnir. Höfum fengið svör frá Umhverfis – og mannvirkjasviði og þar á bæ eru menn áhugasamir um raftengingu skipa við höfn, en um gríðarmikla og kostnaðarsama framkvæmd sé að ræða. Norðurorka og Hafnasamlag Norðurlands þurfa að koma að borðinu auk þess sem ríkið hefur gefið fyrirheit um að styrkja uppbyggingu innviða á þessu sviði.

2. Umferðarmál

- 2.1. Hverfisnefnd lýsir yfir ánægju með, að til standið að endurbæta hraðahindranir á Eyrarvegi, og að verið sé að lagfæra kantsteina og gangstéttir. Gæta þarf, við þessar framkvæmdir, að flái sé á kantsteinum við gatnamót, v. hjóla og barnavagna o.þ.h.
- 2.2. Ókostur er á nýjum umferðarljósum við gatnamót Gránufélags-Glerárgötu (Sjallahornið), að bíða þarf of lengi eftir gönguljósi. Best væri að þetta ljós hefði forgang og stöðvaði umferð, líkt og fyrra ljós.
- 2.3. Hverfisnefnd veltir fyrir sér þeim möguleika að þrengstu göturnar syðst í hverfinu (Hríseyjargata, syðsti hluti Ránargötu, Lundargata o.fl.) yrði hreinlega breytt í vistgötur með 15km hámarkshraða og gangandi í forgangi. Gangstéttir nánast til vandræða og menn freistast til að leggja upp á þeim einfaldlega vegna þess, að göturnar eru það þróngar að umferð kemst tæpast framhjá bílum við gangstéttarbrún.

3. Önnur mál

- 3.1. Hverfisnefnd leikur forvitni á að vita, hvernig bera skuli sig að við innleiðingu nágrannavörslu ? Hefur Akureyrarbær einhverja sérstaka aðkomu eða stefnu hvað varðar ?
- 3.2. Hverfisnefnd langar einnig að vita hver staðan er varðandi lóðina Lundargötu 17. Þar stendur óhrjálegur skúr og lóð í órækt, sem býður upp á ýmislegt vafasamt. Er þetta einkalóð eða bæjarland ? Stendur til að fjarlægja núverandi skúr og er þetta byggingarlóð ? Ef ekki er byggt, væri þá möguleiki að koma þarna upp „grænu svæði“ ?
- 3.3. Hverfisnefnd barst ábending frá íbúa sem kvartar undan ónæði vegna hávaða frá Glerárgötu. Eru það þá aðallega kraftmiklir sportbílar sem þandir eru í kappakstri. Hverfisnefnd sér ekki hvað hægt er að gera í þessu, en dettur helst í hug, að efling hraðaeftirlits, hvort sem um væri að ræða aukið eftirlit löggreglu eða myndavélar, gaeti virkað að einhverju leyti gegn þessu. Því það liggar í hlutarins eðli, að þeir bílar sem þandir eru með mestu látunum, hljóta á sama tíma að vera vel yfir hámarkshraða.

3.4. Hverfisnefnd vill brýna fyrir hundaeigendum og öllum þeim sem viðra hunda að þrífa upp eftir þá. Mikið af hundaskít hefur virðist safnast á græna svæðinu austan Ægisgötu. Ekki boðlegt, þarna leika krakkar sér í fótbalta o.fl.

Á veitingahúsínu T-Bone Steakhouse, Brekkugötu 3,
11. júní 2019
Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.